

Skipulags-, byggingar- og veitunefnd

Fundur – 10. desember 2010

Fundur haldinn í Skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar föstudaginn 10. desember 2010, kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting samkvæmt undirskriftum. Þórður Pálsson, formaður, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Þórður Pálsson.

Dagskrá:

Dagskrárliður 1

Haukur Pálsson þinglýstur eigandi fasteignarinnar Björnólfsstaðir landnr. 145408. óskar hér með eftir staðfestingu landskipta jarðarinnar. Stofnuð verður ný fasteign Björnólfsstaðir lóð 1, sem er 2,03 ha. að stærð. Með fylgjandi er lóðablað sem sýnir lögun hennar. Umsækjandi hefur selt íbúðarhúsið sem hefur verið gert upp. Núverandi eigandi hússins hefur óskað eftir því að festa kaup á spildu úr jörðinni sem fylgir þá umræddu íbúðarhúsi. Nýja fasteignin verður leyst úr landbúnaðarnotkun.

Afgreiðsla: Nefndin samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

Dagskrárliður 2

Byggingafulltrúi leggur fram yfirlit yfir stöðu úthlutaðra lóða.

Afgreiðsla: Byggingafulltrúa falið að senda lóðahöfum bréf þar sem farið er yfir hvenær lóðaúthlutun rennur út.

Dagskrárliður 3

Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi vegna veitingarstaðarins Ljóns norðurins.

Afgreiðsla: Nefndin fór yfir svör við bréfi sýslumanns..

Önnur mál

Nefndin óskar eftir að tæknideild bæjarins og byggingafulltrúi leggi fram lista yfir áætluð verkefni næsta árs bæði fyrir veitur, gatnakerfi og önnur mál sem undir nefndina heyra.

Fundargerð upplestin og samþykkt

Fundi slitið 19:30.

Ingunn Ásgeirsdóttir (sign)

Valgerður Gísladóttir (sign)

Hilmar Þór Hilmarsson (sign)

Haukur Ásgeirsson (sign)

Stefán Árnason, byggingafulltrúi (sign)

Þórður Pálsson (sign)